

Nýútkomið í A-deild stjórnartíðindanna.

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í Niðurlöndunum og Austur-Prússlandi m.m., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 13. sept. 1894 (A. nr. 22, bls. 118—119).

Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Spánnar, undirskr. af ráðgjafanum fyrir Ísland 9. nóv. 1894 (A. nr. 23, bls. 120—133).

Lög um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskr. af konungi 10. nóv. 1894 (A. nr. 24, bls. 134; þýðing á bls. 135).

Staðfesting konungs, útgefn ad mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland í 121 venjulegu formi, á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð skipstjóra og stýrimanna 2. júlí. við Faxaflóa.

Skipulagsskráin hljóðar svo:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tillögum frá skipstjórum þeim og stýrimönnum, sem eru í fjelaginu »Aldan« í Reykjavík, og var hann í ársbyrjun 1894 144 kr.

2. gr.

Tilgagur sjóðsins er, að styrkja skipstjóra og stýrimenn á þilskipum, sem gjörð eru út til fiskiveiða í veiðistöðunum kring um Faxaflóa, sem og ekkjur þeirra og börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árstíllög fjelagsmanna í »Öldunni«, 2 kr. frá hverjum, ársvextir af höfuðstóli og frjálsar gjafir.

4. gr.

Stjórn fjelagsins »Aldan« hefur á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sje ávaxtaður með sömu tryggingu, sem fyrirskipuð er fyrir lánnum af ómyndugra fje, sem og að tekjur sjóðsins sjeu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður við komið, að því leyti, sem þeim er ekki varið til styrkveitinga samkvæmt 5. gr. Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gjöra reikning um fjárhag sjóðsins fyrir ár það, sem þá er að líða út, og skal sá ársreikningur endurskoðaður og úrskurðaður á aðalfundi »Öldunnar« í janúarmánuði næsta ár.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei snerta. Þegar hann er orðinn 1000 kr., má verja helmingi af vöxtum hans og helmingi af árstíllögum fjelagsmanna til styrkveitinga. Þó má, þegar sjerstakleg atvik ber að höndum, verja allt að því öllum ársvöxtum og helmingi árstíllaga til styrkveitinga.

4. dag desembermán. 1894.

121

2. júlí.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið skipstjórar þeir og stýrimenn, sem eru fjelagsmenn í »Öldunni«, þegar þeir verða hjálparþurfar sökum veikinda eða ellilasburða, sömuleiðis ekkjur þeirra og eptirlátin börn, sem hjálpar þurfa sjer til framfæris.

6. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eru í henni: fjelagsstjórn »Öldunnar« og 2 aðrir fjelagsmenn, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi. — Um styrkveitingar skal sækja fyrir hver árslok, og eiga umsóknarbrjefunum að fylgja skilríki fyrir verðleika og þörf umsækenda. Styrkveitingum skal síðan úthlutað fyrir aðalfund »Öldunnar« í janúarmánuði.

7. gr.

Skyldi svo fara, að fjelagið »Aldan« leysist upp eða líði undir lok, skal »Styrktarsjóður skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa« renna saman við »Fiskimannasjóð Kjalarnesþinga«, sem stofnsettur er með konungsúrskurði 24. júní 1840, og hafa sömu stjórn, sem sá sjóður. Skal styrktarsjóðurinn þá vera sjerstök deild í fiskimannasjóðnum, og vöxtunum af honum varið til árlegra styrkveitinga samkvæmt 2. gr. samanborinni við 6. gr. hjer að framan.

8. gr.

Eptir aðalfund í »Öldunni« í janúarmánuði ár hvert sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til landshöfðingjans, sem hefir eptirlit með, að sjóðnum sje stjórnað samkvæmt framanskriðri skipulagsskrá. Þannig samþykkt á fundi í »Öldunni« 17. febr. 1894.

(Nöfn).

122

21. sept.

Staðfesting konungs útgefin *ad mandatum*, í venjulegu formi af ráðgjafanum fyrir Ísland, á skipulagsskrá fyrir framfarasjóð Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs.

Skipulagsskráin er svo hljóðandi:

Skipulagsskrá

fyrir framfarasjóð Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs

Jeg undirritaður gef hjer með eignarjörð mína Harastaði á Fellsströnd í Dalasýslu 11,1 hundruð að nýju mati, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem henni fylgja, til þess að stofnsetja með sjóð einn, með þeim skilyrðum er nú greinir:

1. Sjóðurinn skal bera nafn foreldra minna og heita: Framfarasjóður Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs.

Þessu nafni má aldrei breyta.

2. Sjóður þessi skal vera fyrir Árnessýslu; þó er það bundið þeim skilyrðum, er síðar segir.

3. Landshöfðingi (hinn æðsti embættismaður innanlands) og sýslumaður Árneseinga ásamt sýslunefndinni þar í sýslu hefur stjórn sjóðsins á hendi.